

LÍFGEISLAR

BROT

Ungur og efnilegur læknir og vísindamaður (nú prófessor), Lárus Einarsson (sonur Magnúsar heitins dýralæknis), sem stundað hafði í vetur sem leið lífeðlisfræði í München, sagði mér þær fréttir, að lífgeislanin væri þar viðurkennd. Kemur þetta heim við það, sem ég hefi séð á prenti hér og hvar, t. d. í tímariti sem heitir Forschungen und Fortschritte og virðist vera mjög mikilsvert. Tveir ungir Íslendingar við nám í Þýskalandi, Eggert Guðmundsson málari og Trausti Einarsson stúdent (nú dr. phil. menntaskólakennari) sendu mér 3. tbl. 6. árg. af tímariti þessu. Er þar grein sem heitir Die Lebensstrahlen (lífgeislarnir), eftir próf. Walther Stempell; en hann er háskólakennari í dýrafræði, og hefir með fögrum tilraunum sannað geislun þessa.

Próf. Stempell hyggur, að allir lifandi vefir sendi frá sér geisla, en rússneski grasfræðingurinn Gurwitsch, sem áður hafði bent á að lífgeislun á sér stað, taldi líklegt, að einungis hinn vaxandi vefur væri geislandi. — Af öðrum vísindamönnum sem hafa sýnt fram á lífgeislanina, skulu nefndir próf. Müller, svissneskur verkfræðingur, og Charles Henri, franskur háskólaprófessor; hafði hvor þeirra sína aðferð, og aðra en Gurwitsch og Stempell.

Gurwitsch fann, að því er próf. Stempell segir, að lífgeislar miða til að auka vöxt eða flýta fyrir honum. Eru þær athuganir hinar fróðlegustu og gefa nokkra bendingu um ræktunaraðferðir framtíðarinnar. Hinn nafnkunni efnafræðingur, Wilhelm Ostwald, segir frá því í riti sínu um mikla vísindamenn, hvernig efnafræðingnum Justus v. Liebig, hugkvæmdist að fara að nota þau vísindi í þágu

jarðræktarinnar, og hversu þetta leiddi til þess, að sami akur getur nú gefið þrefalt meira en áður. Þekking á lífgeislaninni og fleiru sem ég hefi vakið máls á, mun verða til þess, að menn finna aðferðir til að auka jarðargróða ennþá miklu stórkostlegar. Og þegar svo er komið mun einnig Ísland verða merkilegra jarðræktarland en nú mundi þykja líklegt að orðið gæti.